

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð A. Schiöth, bakameistara 160 á Akureyri, Útlánasjóð Iðnaðarmannafélags Akureyrar“, útgefin á venjulegan hátt 21. júlí ad mandatum af dómsmálaráðherra 21. júlí 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð A. Schiöths, bakameistara á Akureyri, Útlánasjóð Iðnaðarmannafélags Akureyrar.

Sjóðurinn er stofnaður 14. febrúar 1945 af bakameistara A. H. R. Schiöth með tíu þúsund króna gjöf, til minningar um föður hans, Hendrik P. F. Schiöth, sem var fæddur í Danmörku 14. febrúar 1841. Hann kom til Akureyrar í júní 1868 og stjórnaði brauðgerðarhúsi Carls Höepfners til ársins 1898, er sonur hans, Axel Schiöth, tók við því.

Hendrik P. F. Schiöth var gerður heiðursfélagi Iðnaðarmannafélags Akureyrar 21. janúar 1910.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Útlánasjóður Iðnaðarmannafélags Akureyrar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af A. H. R. Schiöth með tíu þúsund króna gjöf til minningar um föður hans, Hendrik P. F. Schiöth, og stendur að öllu leyti undir stjórn Iðnaðarmannafélags Akureyrar.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að lána meðlimum félagsins, þeim sem eru skuldlausir við það, smærri eða stærri upphæðir gegn víxlum, með þeim tryggingum, sem stjórn félagsins tekur gildar í hvert sinn, eða sjálfskuldarábyrgð gegn veði.

4. gr.

Einnig er stjórninni heimilt að lána trúverðugum mönnum smáupphæðir tryggingarlaust, gegn skriflegri viðurkenningu í tveggja votta viðurvist, ásamt skuldbindingu um skilvísa greiðslu á tilteknum tíma.

5. gr.

Vextir af lánnum úr sjóðnum skulu vera hinir sömu og útlánsvextir bankanna á Akureyri eru á hverjum tíma.

6. gr.

Vextir af lánnum skulu ávallt greiddir fyrir fram og leggjast þeir við höfuðstólinn.

7. gr.

Allt reiðufé sjóðsins ávaxtast í banka á Akureyri.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal reikningurinn endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og birtur í Tímariti iðnaðarmanna og opinberu blaði á Akureyri.

160

21. júlí

9. gr.

Leysist Iðnaðarmannafélag Akureyrar upp, skal bæjarstjórn Akureyrar afhentur sjóðurinn til varðveislu, þar til annað iðnaðarmannafélag er stofnað, eða sérstök stofnun iðnaðarbanka, sem ætluð er til styrktar iðnaðarmönnum, verður stofnsett á Akureyri og tekur hún þá við stjórn sjóðsins.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af forseta Íslands.

Akureyri, 14. febrúar 1945.

A. Schiöth.

Viðstaddir vottar:

Indriði Helgason.

Vigfús L. Friðriksson.

161

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1949.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1949 B., bls. 495):		
a. Ríkisskuldabréf	kr.	27000.00
b. Veðskuldabréf	—	18750.00
c. Bankavaxtabréf	—	15000.00
d. Bandainnstæða	—	19477.98
		<hr/>
		kr. 80227.98
2. Vextir:		
a. Af ríkisskuldabréfum	kr.	1285.00
b. — veðskuldabréfum	—	937.50
c. — bankavaxtabréfum	—	750.00
d. — bankainnstæðu	—	601.89
		<hr/>
		— 3574.39
		<hr/>
		Kr. 83802.37

Gjöld:

1. Styrkur til Búnaðarsambands Austurlands	kr.	1200.00
2. Styrkur til Hallormsstaðaskóla	—	1000.00
3. Sjóður til næsta árs:		
a. Ríkisskuldabréf	kr.	27000.00
b. Veðskuldabréf	—	17500.00
c. Bankavaxtabréf	—	15000.00
d. Bankainnstæða	—	22102.37
		<hr/>
		— 81602.37
		<hr/>
		Kr. 83802.37

Í félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1950.

Jónas Guðmundsson.